



Reykjavík 6. nóvember 2023

## Styrkbeiðni Samtaka um Kvannaathvarf

Samtök um Kvannaathvarf sendir hér með fjárlaganefnd formlega styrkbeiðni að upphæð 8.750.000 vegna eflingar á þjónustu Kvannaathvarfs á Akureyri.

Árið 2020 opnuðu Samtök um kvannaathvarf neyðarathvarf á Akureyri fyrir konur og börn þeirra sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Um var að ræða tilraunarverkefni til eins árs, en eftir það hefur þróun starfsins haldið áfram í samstarfi við hlutaðeigandi aðila á svæðinu. Fyrirkomulag hefur hingað til verið þannig háttað að verkefnastýra athvarfsins starfar að jafnaði í 75% starfi, en auk þess starfa á vegum Kvannaathvarfsins helgarstarfskonur. Þessar starfskonur sinna þjónustu og stuðningi við konur og börn á dagtíma. Auk þess er tryggt gott flæði þjónustu samstarfsaðila á svæðinu, s.s. Bjarmahlíðar, Afslins og Barnaverndar Akureyrarbæjar.

Á þessu þróunartímabili hafa ýmsar aðstæður og breytingar leitt til þess að stjórn Samtaka um Kvannaathvarf hefur komist að þeirri niðurstöður að auka þurfi verulega við þjónustu í athvarfinu, svo tryggja megi öryggi og viðunandi stuðning við konur og börn sem dvelja í athvarfinu. Þessa ákvörðun má aðallega rekja til þess að aðsókn í athvarfið hefur aukist til muna og einnig að í ljós hefur komið að ekki er nægilegt utanumhald fyrir konur og börn í athvarfinu utan skrifstofutíma.

Stjórn samtaka um kvannaathvarf tók þá erfiðu ákvörðun s.l. vor að takmarka fjölda dvalarkvenna í athvarfinu yfir sumarmánuðina á meðan leitað væri leiða til að tryggja aukið fjármagn. Áætlað var að tryggja þyrft 35 milljónir króna til ársloka 2024, svo að unnt væri að bjóða uppá viðunandi þjónustu, en Samtökin höfðu áður fengið vilyrði frá félags- og vinnumarkaðsráðherra um að rekstur athvarfs á Akureyri yrði komið á fjárlög fyrir árið 2025. Í september s.l. veitti félags- og vinnumarkaðsráðherra Samtökum um kvannaathvarf styrk að fjárhæð 26.250.000 til reksturs neyðarathvarfs á Akureyri. Hafist var strax handa við að efla þjónustuna og gat athvarfið aftur tekið á móti eins mörgum konum og börnum og þörf var á hverju sinni. Svo að hægt sé að halda þeirri þjónustu til streitu út árið 2024 er enn þörf á að brúa bilið með þeim 8.750.000 kr. sem enn uppá vantar. Samtök um Kvannaathvarf leita því nú til fjárlaganefndar til að tryggja reksturinn út árið 2024 og koma þannig í veg fyrir að aftur þurfi að takmarka þjónustu athvarfsins á Akureyri.

Það er mikill skellur og alvarlegt að öllu leiti að geta ekki tekið á móti þeim konum sem leita þurfa til Kvannaathvarfsins hverju sinni. Miklar sveiflur á framboði þjónustu getur orðið til þess að rekstur gengur ekki upp, en mikil vinna hefur verið lögð í það að byggja upp athvarf á Akureyri.

Virðingarfyllst,

Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvannaathvarfsins



## Greinagerð um þjónustu Kvænnaathvarfs

Samtök um Kvænnaathvarf hefur rekið athvarf í Reykjavík í 40 ár. Á þessum tíma hafa samtökin öðlast mikla reynslu í meta og koma á móts við þarfir kvænna og barna sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis.

Konur og börn þeirra, sem koma til dvalar í Kvænnaathvarfið eru oft að flýja langvarandi ofbeldi á sínu eigin heimili, þar sem þau hafa jafnvel búið árum saman við óöryggi og ótta. Þetta ofbeldi á það til að stigmagnast þegar að þolandi ákveður að stíga útúr aðstæðum, og eru konur og börn oft mjög óttaslegin og ringluð þegar þau koma í athvarfið. Ofaná það þurfa konurnar oft að þola áfram mikið áreiti af hendi aðilans sem þær eru að reyna að flýja. Af þessum ástæðum getur það tekið konurnar töluverðan tíma að ná áttum og meðtaka einföldustu upplýsingar, áður en hægt er að byrja að horfa fram á veginn. Við hjá Kvænnaathvarfinu höfum lært að konur þurfa góðan tíma til að jafna sig og byrja að byggja sig upp, og því geta konur verið hjá okkur eins lengi og ráðgjafi telur þörf á. Við leggjum okkur fram við að búa konum og börnum öruggt umhverfi og störfum út frá því sem kallast áfallamiðuð nálgun, en hún miðar að því að sérstök áhersla sé lögð á öryggi þjónustupega, áreiðanleika, að byggja upp traust og skapa öryggistilfinningu. Konur sem dvelja í athvarfinu stjórna sinni eigin vegferð og eru eflidar í sjálfstæði og ákvarðanatöku. Aftur á móti kemur athvarfið á móts við fyrrnefnda þörf fyrir öryggi og utanumhald með því að skapa skýran ramma sem settur er fáum en mikilvægum reglum. Þessi rammi felur t.d. í sér að það eru fastir matmálstímar í athvarfinu, börn komin í ró á kvöldin, konur komnar í hús fyrir klukkan 23:00, engin neysla vímuefna eða áfengis í húsi, ofbeldi og annað tengt því ekki rætt í sameiginlegum svæðum, engar heimsóknir í athvarf nema með sérstöku leyfi og börn eru aldrei skilin eftirlitslaus eftir í athvarfinu. Með skertu þjónustustigi hafa samtökin ekki getað tryggt að þessum reglum sé fylgt eftir í athvarfinu á Akureyri og hafa þar af leiðandi skapast aðstæður sem ekki eru taldar ákjósanlegar.

Mikilvægt er að bjóða uppá sambærilega þjónustu og öryggisstig á Akureyri og í Reykjavík, þá sérstaklega með aukinni viðveru starfskonu á vakt. Kvöldin eru oft erfiðasti tíminn og sækja konur mikið í stuðning og félagsskap á þeim tíma. Reynslan hefur einnig sýnt að ýmsar erfiðar aðstæður geta komið upp á öllum tímum sólarhrings, sérstaklega þegar að margir einstaklingar í áfallastreitu búa saman.

Það var ljóst í byrjun þessa tilraunaverkefnis að það gæti verið erfitt að bjóða uppá sambærilega þjónustu á Akureyri og Reykjavík, þá sérstaklega vegna þess að ekki var vitað hversu mikil aðsóknin yrði og auk þess fylgdi því mikill kostnaður að koma á laggirnar nýju athvarfi. Því var lagt af stað með skerta þjónustu með það fyrir augum að setja aukna ábyrgð á samstarfsaðila. Aukin aðsókn í athvarfið á Akureyri og nokkur atvik sem upp hafa komið í athvarfinu á Akureyri utan viðverutíma samstarfsaðila, sýna að þörf er á aukinni viðveru og stuðningi af hendi starfskvænna athvarfsins.

Með stöðugt aukinni aðsókn sjáum við fyrir okkur að á endanum muni vera kominn grundvöllur fyrir sambærilegur athvarfi á Akureyri og í Reykjavík. Þær konur sem dvalið hafa í athvarfinu á Akureyri eru hrein viðbót við þær konur sem annars sækja í dvöl til Reykjavíkur og sýnir það okkur að það er full þörf á Kvænnaathvarfi á Norðurlandi.